Framtíðarsýn hverfisráðs Breiðholts

Breiðholt er hverfi margbreytileika þar sem íbúalýðræði, heilsa og félagslegur jöfnuður eru höfð að leiðarljósi. Framboð og skipulag þjónustunnar við íbúa taki mið af því. Breiðholt er umhverfisvænt hverfi þar sem lögð er áhersla á samstarf um betra samfélag.

Stefnumið hverfisráðs Breiðholts

1. Hverfisráð og lýðræði

a. Aukinn sýnileiki hverfisráðs.
b. Samstarf við ungmennaráð Breiðholts.
c. Hverfisráð haldi reglulega opna íbúafundi /Breiðholtsþing.
d. Auglýst verði eftir styrkjum og styrkveitingum fylgt markvisst eftir.
e. Vel skilgreindar viðurkenningar innan hverfis.
f. Betri tengsl við stjórnsýslu og svið borgarinnar.
g. Betri tengsl við stofnanir og þjónustu innan hverfis.

2. Þjónusta við fjölskyldur

a. Stuðningur við Heilsueflandi Breiðholt.
b. Stuðlað að meiri hreyfingu barna og ungmenna með aukinni notkun frístundakorts.
c. Stuðningur við uppbyggingu fjölskyldumiðstöðvar í Breiðholti.
d. Stuðningur við Menntun núna.

3. Sjálfbært hverfi

a. Þátttaka í hverfisskipulagi.
b. Stuðlað að vistvænum samgöngum.
c. Ræktunarmöguleikar fyrir matjurtir efldir.
d. Stutt við framþróun í flokkun og losun úrgangs.
e. Menntun og fræðsla um sjálfbæra þróun, útikennslu o.fl.
f. Hvatt til þátttöku og framþróunar í Grænum skrefum.

4. Efling félagsauðs

a. Unnið að jákvæðum viðhorfum í og gagnvart hverfinu.
b. Stuðlað að viðburðum og uppákomum í hverfinu.
c. Fræðsla um mannréttindi og margbreytileika samfélagsins.
d. Leitað leiða til að bæta móttöku nýrra íbúa í hverfinu.
e. Ráðningar í stofnunum taki mið af margbreytileika hverfisins.

5. Samstarf og starfsemi fyrirtækja og félagasamtaka

a. Uppbyggileg samskipti og samstarf við íbúa og fyrirtæki um umbætur og umhirðu lóða og fasteigna.
b. Stuðningur og samstarf við félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og hópa um ýmis verkefni hverfinu til góða.
c. Öryggisvitund í hverfinu efld með íbúum, lögreglu og öðrum hagsmunaðilum, m.a. í gegnum verkefni eins og hverfarölt og nágrannavörslu.

6. Upplýsingamiðlun um hverfið

a. Markviss notkun á samfélagsmiðlum.
b. Fundargerðir sendar á hverfisblað og miðlað á samfélagsmiðlum.
c. Bætt upplýsingaflæði um þjónustu.
d. Unnið að jákvæðri ímynd.

Samþykkt á 134. fundi hverfisráðs Breiðholts þriðjudaginn 24. janúar 2017